

# VR

## blaðið

7. tbl. 23. árg. – Nóvember 2001 – Upplag: 20.000

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

### ORLOFSHÚS Á SPÁNI

Nú eru breytingar framundan í orlofsmálum félagsmanna VR og er fyrirhugað að taka á leigu nokkur orlofshús og íbúðir á Spáni til afnota fyrir VR félagi á næsta orlofstímabili, nánar tiltekið frá maí til október. Húsin og íbúðirnar eru á Costa Blanca eða hvítu ströndinni, skammt sunnan við Alicante og nálægt bænum Torrevieja. Margir Íslendingar þekkja þetta svæði, þónokkrir eiga íbúðir eða hús þarna og allir vita að þarna er einhver veðursælasti og indælasti staður við Miðjarðarhafið og ekki amalegt að dvelja þar hluta af orlofi á sumri. Myndin er af einu húsinu séðu frá götu. Nánar á bls. 5.



## VR FÉKK VIÐURKENNINGU JAFNRÉTTISRÁÐS 2001

# Jafnréttisviðurkenningin hvatning í jafnréttisbaráttunni



**Útgefandi:** Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,  
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717  
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

**Ábyrgðarmaður:** Magnús L. Sveinsson

**Ritstjóri:** Steinunn Böðvarsdóttir

**Útlit:** Ólafur Gaukur

**Auglýsingastjóri:** Inga Ingvarsdóttir, símar  
565 2579 og 565 2571 – Netfang:  
mina@islandia.is

**Umbrot og prentvinnsla:**  
Prentmet ehf.

#### Starfsfólk á skrifstofu:

Magnús L. Sveinsson, formaður, Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar, Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramáladeildar, Alda Sigurðardóttir, Anna B. Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Einar M. Nikulássson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Níelsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlöðversdóttir, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Laufey Eydal, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósefsson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

#### Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Magnús L. Sveinsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Elín Elíasdóttir ritari og Edda Kjartansdóttir gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson,

Varamenn: Valdís Haraldsdóttir og Ingvaldur Sigurðardóttir.

#### Stjórn Orlofssjóðs VR:

Elín Elíasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Reynir Jósefsson og Valur M. Valtýsson.

#### Stjórn Sjúkrasjóðs VR:

Magnús L. Sveinsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefanía Magnúsdóttir.

#### Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sigurður Sigfússon.



Frá afhendingu viðurkenningar Jafnréttisráðs.

Mynd: Erling

# Jafnréttisviðurkenning til VR hvatning í jafnréttisbaráttunni

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum fékk VR viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir árið 2001. Elín Línadal, formaður Jafnréttisráðs, sagði í ræðu við afhendinguna að það hafi verið einróma ákvörðun ráðsins að veita VR viðurkenninguna fyrir „sérstakt og eftirbreytnivert framtak í jafnréttismálum“.

Þessi viðurkenning er mikill heiður fyrir VR en um leið hvatning til að vinna áfram ötullega að jafnréttismálum, þar er mikið verk óunnið.

Í starfi VR að jafnréttismálum að undanförnu hefur það verið eitt af meginmarkmiðum félagsins að beita sér fyrir því að eyða launamun kynjanna og stuðla að jafnrétti á öðrum sviðum vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að jafnréttismálin spanna yfir fjölmarga félagslega þætti sem hafa verður í huga þegar unnið er að því að eyða launamun kynjanna. Það eru þættir eins og fæðingarorlofsréttur karla, stytting vinnuvikunnar, sveigjanlegur vinnutími, fræðsla og ekki síst hvatning til kvenna að sækja út á vinnumarkaðinn og sækja um ábyrgðarstöður til jafns við karla, svo nokkuð sé nefnt.

Þetta eru meðal þeirra efnispáttar sem VR hefur lagt áherslu á á undanförnum árum. Félagið hefur vakið sérstaka athygli á launamun kynjanna með sjónvarpsauglýsingum, haldið námskeið sem ýtt hafa undir sjálfs-traust kvenna og hvatt þær til að takast á við

ögrandi verkefni. Félagið hefur gert átak gegn einelti og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Í síðustu samningum samdi VR um styttingu vinnuvikunnar og félagið hefur beitt sér fyrir sveigjanlegum vinnutíma. Frá árinu 1999 greiddi VR félagsmönnum sínum 80% launa í fæðingarorlofi þar til ríkið tók við þeim þætti í byrjun þessa árs skv. nýjum lögum. VR greiðir 80% launa í allt að 270 daga vegna veikinda barna félagsmanna. Hluttur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan félagsins hefur farið sívaxandi og mikil og markviss umfjöllun um jafnréttismál hefur verið í VR blaðinu. Stöðug umræða og eftirfylgni á þessum vettvangi er mjög þýðingarmikil.

Allir þessir þættir, sem er hluti af því sem VR hefur lagt áherslu á að undanförnu, hafa áhrif á hvernig okkur miðar í jafnréttisbaráttunni. Sumir eru til þess fallnir að auðvelda verkaskiptingu og ábyrgð á heimilunum og gera fólki kleift að samræma þarfir fjölskyldu sinnar og atvinnu. Og allt miðar þetta að því að jafna rétt karla og kvenna á vinnumarkaðinum og gera vinnustaðinn fjölskylduvænni.

Rétt er að undirstrika að starfsfólk VR á stærstan þátt í þeirri vinnu og hugmyndafræði sem starf félagsins að jafnréttismálum hefur byggst á. Starfsfólkinu er því tileinkuð viðurkenningin og heiðurinn af jafnréttisverðlaunum.

MLS

# LOKAVERKEFNA-STYRKUR VR AFHENTUR

Fyrsti lokaverkefna-styrkur Verzlunarmanna-félags Reykjavíkur var afhentur í byrjun nóvember við hátíðlega athöfn í sal félagsins í Húsi verslunarinnar. Styrkinn hlaut nemi í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands.

Stjórn VR ákvað á árinu að veita árlega 250.000 króna styrk einum nemenda á háskólastigi vegna verkefna sem tengjast vinnumarkaði á breiðum grundvelli. Markmiðið með styrknum er að efla rannsóknir á vinnumarkaði með því að hvetja stúdenta sem eru við nám á háskólastigi til að huga betur að þessum málaflokki. Lokaverkefnin geta fjallað um allt frá heilsu fólks á vinnumarkaði að

því hver launaþróunin hefur verið frá hagfræðilegu sjónarhorni.

## Könnun á áhrifum hléæfinga

Að þessu sinni hlaut styrkinn Héðinn Jónsson, 4. árs nemi í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands, og er markmið lokaverkefnis hans að kanna áhrif hléæfinga á liðan skrifstofufólks. Í skýrslu dómnefndar segir að verkefnið sé frumlegt, metnaðarfullt og vel skipulagt og að mikil þörf sé á rannsóknum á þessu sviði til að bæta og efla vinnuvernd starfsmanna.

Dómnefnd lokaverkefnastyrks VR skipuðu dr. Stefán Ólafsson prófessor við HÍ, Elísabet M. Andrésdóttir verkefnisstjóri í Rannsóknamiðstöð Háskólans í Reykjavík og Alda Sigurðardóttir fræðslustjóri VR.



Frá þingi LÍV.

Myndir: Erling

## ÞING LÍV: ÞUNGAR ÁHYGGJUR AF ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

23. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna var haldið að Hótel Sögu dagana 26. og 27. október sl. Um 90 manns sóttu þingið og átti VR rétt á 61 fulltrúa. Skipulag og fyrirkomulag sambandsins var helsta umfjöllunarefni þingsins.

Þingið var að því leyti óvenjulegt að samþykkt var að fresta því fram á vor 2002 en áætlað er að því verði fram haldið á Akureyri dagana 3. og 4. maí. Á dagskrá voru framsgur og flutti Ingibjörg

R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV, framsögu um skipulag og starfsemi LÍV, þá fluttu Gylfi Arnbjörns-son, framkvæmdastjóri ASÍ, og Gunnar Páll Páls-son, forstöðumaður hagdeildar VR, framsögu um efnahags- og kjaramál.

Töluverðar umræður urðu á þinginu. Varðandi skipulagsmálin var ákveðið að unnið yrði áfram úr þeim hugmyndum að skipulagi og starfsemi LÍV sem kynntar voru í framsögu formanns á tím- anum fram að framhaldsþingi. Framkvæmdastjórn sambandsins var falið að leggja fram tillögu á grundvelli umræðu í laga- og skipulagsnefnd á þinginu. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar verður

síðan rædd úti í aðildarfélögunum og á nýjum vef LÍV, [www.lands-samband.is](http://www.lands-samband.is)

## Kjaramálaályktun þingsins

Þá lýsti þingið lýsti miklum áhyggjum af þróun efnahagsmála og samþykkti var eftirfarandi ályktun:

„Þing Landssambands ís- lenskra verzlunarmanna lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun efnahagsmála. Aukið atvinnuleysi og vaxandi verðbólga eru farin að hafa áhrif á kaupmátt launafólks á sama tíma og greiðslubyrði al- mennings vex vegna verðtryggðra lána. Þingið krefst þess að stjórn- völd leiti allra leiða til að ná niður verðbólgu svo komist verði hjá uppsögn kjarasamninga í febrúar á næsta ári.“



Frá afhendingu lokaverkefnastyrks VR, Héðinn Jónsson verðlauna- hafi og Magnús L. Sveinsson, formaður VR.

# MJÖG GÓÐ ÞÁTTTAKA Í LAUNAKÖNNUN

## Skilafrestur til 1. desember

Mjög góð þátttaka hefur verið meðal félags- manna í launakönnun VR fyrir árið 2001. Frestur til að skila inn könnuninni er til 1. desember n.k. Þetta er í fjórða skipti sem félagið gerir slíka könnun meðal félags-

manna sinna en í ár nær könnunin einnig til félagsmanna Verslunar- mannafélags Akraness.

## Taktu könnunina á netinu

Félagsmenn geta valið milli þess að taka könnunina á hefð-

bundinn hátt, þ.e. fylla út prentað eyðublað og senda í pósti, eða taka hana á netinu. Til að taka könnunina á netinu þarf aðgangs- orð, sem jafnframt er happdrættis- númer viðkomandi, og sérstakan veflykil. Happdrættisnúmer og veflykill eru prentuð á kápu spurningalistans sem sendur var í pósti til félagsmanna. Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu

VR [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á heimasíðu Félagsvísindastofnunar, [www.fel.hi.is](http://www.fel.hi.is)

## Vinningsnúmer kynnt 3. desember

Launakönnun VR er jafnframt happdrætti. Fyrsti vinningur er ferðaúttekt að upphæð kr. 100.000, annar til þriðji vinn-

ingur er ferðaúttekt að upphæð kr. 50.000 hvor og fjórði til tíundi vinningur er ferðaúttekt að upp- hæð kr. 20.000 hver.

Dregið verður í happdrættinu í byrjun desember og vinningsnóm- erin verða birt á heimasíðu VR þann 3. desember og í desember- tölublaði VR blaðsins.



# Hækkaðu kröfurnar um 26% , þá ertu komin í sömu laun og karlmaður fengi fyrir sama starf



**Það á ekki að skipta máli hvort það er karl eða kona sem situr á móti vinnuveitandanum og semur um laun.**

En í launakönnun sem VR gerði meðal félagsmanna sinna árið 2000 kom í ljós að konur eru að meðaltali með 26% lægri laun en karlmenn fyrir sömu störf. Það kom einnig í ljós að einungis 5% félagsmanna VR fá greidd laun samkvæmt taxta, hinir semja um sín laun sjálfir.

**Þennan launamun þarf að leiðrétta og þar eru konur sjálfar í lykilhlutverki.**

VR hvetur konur til að meta sína vinnu að verðleikum og semja um hærri laun. Vinnuveitendur eiga að meta vinnuframlag, reynslu og hæfni hvers einstaklings fyrir sig, óháð kyni.

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

## Verzlunarmannafélag Reykjavíkur





# FYRIRHUGAÐ AÐ LEIGJA HÚS Á SPÁNI TIL ORLOFSDVALAR VR FÉLAGA

Í stuttu tali við Einar Nikulásson, umsjónar-  
mann orlofsmála hjá  
VR, kom fram að í  
bígerð er að leigja  
nokkur hús og íbúðir á  
Spáni til útleigu til  
félagsmanna. Nánar  
verður greint frá því  
máli í næsta blaði og þá  
verður birt umsóknar-  
eyðublað og ítarlegri  
upplýsingar.

**Hér mun vera um að  
ræða allt að 5 hús og  
íbúðir á Hvítu strönd-  
inni (Costa Blanca) sem  
er fyrir sunnan Alicante**

**og nálægt bænum  
Torrevieja. Þetta svæði  
þekkja margir Íslend-  
ingar og eru töluvert  
mörg hús í nágrenninu  
í eigu íslenskra aðila.**

Þarna er um að ræða einn  
veðursælsta stað við Mið-  
jarðarhafið þar sem stutt er í  
miðbæ Torrevieja, en þar í bæ er  
fjölbreytt mannlíf allan daginn  
og fram eftir kvöldi, úrval versl-  
ana og veitingastaða. Svo er  
stutt á strendur og golfvelli.  
Þetta er sem sagt hin mesta  
orlofsparadís og líklegt að VR  
félagar muni njóta hennar á  
næsta orlofsári, frá maí til  
október. Húsin og íbúðirnar  
verða leigð í hálfan mánuð í  
senn. Meira um það í næsta



Sundlaugin.



blaði en meðfylgjandi myndir sýna eitt  
húsið sem um ræðir, ekki amalegt, eða  
hvað?

## Eyjar komu vel út

Um orlofsmál sumarsins 2001 er það að  
segja, að útleiga gekk vel og áfallalaust.  
Leigð voru viðbótarhús af bændum og  
ferðaþjónustuaðilum. Nýir orlofsstaðir voru  
Vestmannaeyjar og Kerlingarfjöll. Það  
munu hafa verið Vestmannaeyjar sem nutu  
einna mestar hylli félagsmanna af húsum  
sem ekki eru í eigu félagsins en að vin-  
sældum slær þó ekkert út orlofshús VR í  
Miðhúsaskógi, á Flúðum og nýju húsin í

Húsafelli. Það eru og verða greinilega vin-  
sælustu orlofsstaðirnir, enda um að ræða  
afbragðs hús og aðstöðu.

## Góður ferðamáti

Tjaldvögnum var fjölgað í 37 og gekk  
leiga þeirra mjög vel og slysalaust með  
öllu. „Það er sívaxandi áhugi félagsfólks á  
þessum ferðamáta og fólk kemur aftur og  
aftur og fær leigðan tjaldvagn. Líklega er  
nú nokkru jafnvægi náð hvað varðar fjölda  
tjaldvagna, en hins vegar verður alltaf  
einhver bið eftir vögnum á mesta annatíma  
sumarsins, það er ljóst,“ sagði Einar  
Nikulásson.



Inngangur  
undir  
trjánnum.



# Ert þú að missa af umsömdum kjarabótum?

Nú um áramótin hækka mótframlag launagreiðanda í séreignarsjóð úr 1% í 2% skv. kjarasamningi VR og LÍV við Samtök atvinnulífsins (samkv. samningi við Samtök verslunarinnar - FÍS hækka mótframlagið úr 1% í 1,5%). Á þessum tímamótum er vert að benda á mikilvægi þess að vera þátttakandi í séreignarsparnaði.

Viðbótarlífeyrissparnaðurinn er frjálss og hverjum og einum er í sjálfvald sett hvort hann nýtir sér þennan möguleika til aukins lífeyrissparnaðar. Þeir sem ákveða að nýta sér ekki þetta ákvæði eru þá að missa af mótframlagi launagreiðanda og ríkisins og eru í rauninni að ákveða kjararýrnun sér til handa í framtíðinni. Frá áramótum verður mótframlag atvinnurekanda og ríkisins:

**2,2% hjá þeim sem spara 2% af launum.**

**2,4% hjá þeim sem spara 4% af launum.**

**Tafla 1**

| Skattahagræði og mótframlag launagreiðanda |              |              |
|--------------------------------------------|--------------|--------------|
| Séreignariðgjald af launum                 | 2%           | 4%           |
| Sparnaður af 150.000 kr. mánaðarlaunum     | 3.000        | 6.000        |
| Skattar lækka um                           | 1.151        | 2.302        |
| <b>Raunverulegt framlag launþega</b>       | <b>1.849</b> | <b>3.698</b> |
| Mótframlag atvinnurekanda frá 1.1.2002     | 3.000        | 3.000        |
| Mótframlag ríkisins                        | 300          | 600          |
| Samtals mótframlag                         | 3.300        | 3.600        |
| <b>Inneign í séreignarsjóði</b>            | <b>6.300</b> | <b>9.600</b> |

**Tafla 2**

| Tími  | Höfuðstóll   |               | Á mánuði í 7 ár |            |
|-------|--------------|---------------|-----------------|------------|
|       | 2%           | 4%            | 2%              | 4%         |
| 20 ár | 2.556.568 kr | 3.895.723 kr  | 36.001 kr       | 54.859 kr  |
| 30 ár | 5.136.868 kr | 7.827.609 kr  | 72.336 kr       | 110.227 kr |
| 40 ár | 9.339.905 kr | 14.232.236 kr | 131.523 kr      | 200.415 kr |

Þessu til viðbótar er skattahagræði við innborgun en skattur er reiknaður á laun eftir að búið er að draga framlag launþegans frá launum þannig að raunverulegt framlag launþegans er minna en framlag hans í séreignarsjóð eins og sést í töflu 1 um skattahagræði og mótframlag launagreiðanda hér á síðunni.

## Skattahagræði

Eins og sést í töflu 1 rúmlega þrefaldar þú mánaðarlegt framlag þitt í séreignarsjóð með því að leggja 2% af 150.000 kr. launum á mánuði í séreignarsjóð. Heildarframlag á mánuði er 6.300 kr. en raunverulegt framlag þitt er ekki nema 1.849 kr.

Ef þú ert ekki að nýta sér heimildina til séreignarsparnaðar verður þú því af 4.451 kr. á mánuði.

## Nú er rétta tækifærið til að byrja að spara

Af þessum dæmum má sjá hversu hagstæða sparnaðarleið er verið að bjóða. Tímasetningin núna að hefja séreignarsparnað er mjög hagstæð. Mótframlag launagreiðanda í séreignarsjóð hækka um áramótin og laun hækka almennt skv. kjarasamningum þannig að menn verða minna varir við það að þeir séu byrjaðir að borga í séreignarsjóð en þessi lága upphæð í hverjum mánuði mun skipta einstaklinga miklu máli í framtíðinni.

Tölurnar tala sínu máli eins og sést í töflu 2 um tíma og höfuðstól

YOTUEL®

HVÍTAR TENNUR

■ **YOTUEL plus tannlýsingarsett.** Örug og einföld leið til að lýsa tennur.

■ **YOTUEL tannkrem.** Lýsir tennur og ver þær skemmdum. Inniheldur lítið af svarfæni og rispar því ekki glerung tanna.

■ **YOTUEL tyggigúmmí.** Viðheldur tannlýsingu og vinnur gegn tannskemmdum og tannsteini.

■ **YOTUEL munnskol.** Hjálpar við að lýsa tennur.

YOTUEL vörurnar eru vistvænar og rannsóknir staðfesta að þær eru í hæsta gæðaflokki og megi nota á hverjum degi.

Dreifing: FARMASÍA ehf.

SÖLUSTADIR:

Sími 575-5500  
www.marud.is

þar sem miðað er við að ein-staklingur greiði af 150.000 kr. mánaðarlaunum í séreignarsjóð og fái mótframlag frá launa-greiðanda og ríkinu og að raun-ávöxtun sé 5%.

### Einfalt mál að hefja séreignarsparnað

Til þess að hefja séreignar-sparnað þarf aðeins að undir-rita samning um séreignar-sparnað. Samninginn er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins [www.live.is](http://www.live.is) eða að hringja í 580 4000 og fá hann sendan í pósti. Við sjáum svo um að láta launagreiðanda vita að samn-ingur um séreignarsparnað hafi verið gerður.

### Hvers vegna að velja séreignardeild Lífeyrissjóðs verzlunarmanna?

Lífeyrissjóður verzlunar-manna er stærsti og öflugasti lífeyrissjóður landsins með yfir 40.000 sjóðfélaga og eignir upp á 93 milljarða.

Með því að velja Lífeyris-sjóð verzlunarmanna sem vörsluðila séreignar þinnar ert þú þátttakandi í fjárvörslu sem sýnt hefur 7,6% meðalrauná-vöxtun á síðustu 5 árum og rekstrarkostnað sem er með því lægsta sem gerist eða aðeins 0,08% af eignum.

Ávöxtun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er fullkomlega samkeppnisfær miðað við aðra sjóði og fjármálafyrirtæki og er athyglisvert að skoða ávöxtun á árunum 1995–2000 en á því tímabili kemur í ljós að verð-bréfafyrirtæki sem reka lífeyr-issjóði hafa almennt séð verið að sýna lakari ávöxtun en al-mennu lífeyrissjóðirnir.

Lykilatriði fyrir árangur fólks af séreignarsparnaði sínum er góð langtíma ávöxtun og lítill kostnaður. Séreignar-deild Lífeyrissjóðs verzlunar-manna sér um að ávaxta sér-eignarsparnað þinn á öruggan og hagkvæman hátt þar sem góð ávöxtun undanfarin ár og lítill rekstrarkostnaður fara saman.

*Þór Egilsson,  
deildarstjóri séreignardeilda  
Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*

# MINNISBLAÐ KJARAMÁLADEILDAR

# Mundu eftir desemberuppbótinni

## DESEMBERUPPBÓT HJÁ SA

Starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins (SA), sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki og eru við störf hjá fyrirtækinu í síðustu viku nóvembermánaðar eða fyrstu viku desembermánaðar, skulu fá greidda sérstaka eingreiðslu, desemberuppbót kr. 40.000, eigi síðar en 15 desember. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega. Starfshlutfall miðast við fasta og reglubundna vinnu, þó að hámarki 39,5 klst. á viku hjá afgreiðslufólki og 37,5 klst. á viku hjá skrifstofufólki.

Uppgjörstímabil er almannaksárið, þ.e. frá 1. janúar til 31. desember 2001, en fullt ársstarf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn.

Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf hjá sama vinnuveitanda skal, við starfslok, fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Desemberuppbót er með orlofi og greiðist sjálfstætt og án tengsla við laun.

## DESEMBERUPPBÓT HJÁ SV – FÍS

Starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækjum innan Samtaka verslunarinnar - FÍS (SV - FÍS) sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki og eru við störf hjá fyrirtækinu í síðustu viku nóvember mánaðar eða fyrstu viku desember mánaðar, skulu fá greidda sérstaka eingreiðslu, desember-uppbót kr. 40.000, eigi síðar en 15 desember. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega. Starfshlutfall miðast við fasta og reglubundna vinnu, þó að hámarki 36,30 virkar vinnustundir á viku.

Uppgjörstímabil er almannaksárið, þ.e. frá 1. janúar til 31. desember 2001, en fullt ársstarf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn.

Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 20 vikna samfelld starf hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Desemberuppbót er með orlofi og greiðist sjálfstætt og án tengsla við laun.



## máttur stafrænnar ljósritunar



### DiAlTA

- Meiri myndgæði og lægri rekstrarkostnaður en í eldri gerðum ljósritunarvélum
- Stafræn vinnsla gefur nýja möguleika í meðhöndlun skjala og eykur framleiðni
- Þægilegt og samræmt notendaviðmót (LCD)
- Tölvutenging og mikið úrval netkorta gefa aukið notagildi
- Minolta DiAlTA stafrænar ljósritunar-vélar eru mun umhverfisvænni

**KJARAN  
TÆKNIBÚNAÐUR**

SÍÐUMÚLI 12 108 REYKJAVÍK SÍMI 510 5500 / 510 5520  
[www.kjaran.is](http://www.kjaran.is) [taeknibunadur@kjaran.is](mailto:taeknibunadur@kjaran.is)



Við öll  
tækifæri

**ora**  
VÖRUR



# VR HLÝTUR JAFNRÉTTISVERÐLA

VR fékk viðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2001 fyrir sérstakt og eftirbreytnivert framtak í jafnréttismálum. Viðurkenningin var afhent þann 24. október, réttum tuttugu og sex árum eftir kvennafrídaginn þegar flestar konur á Íslandi



lögðu niður störf til að taka þátt í fundum eða kröfugöngum.

**Jafnréttisráð hefur í tíu ár veitt viðurkenningu þeim sem að mati ráðsins hefur lagt sitt á vogar-skálar aukins jafnréttis kvenna og karla í samfélaginu.**

Það var félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, sem afhenti VR viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í Ráðherrabústaðnum. Auk viðurkenningarskjals fékk félagið afhent listaverk eftir listamanninn Guðrúnu Indriðadóttir.

## Fyrirmynd og hvatning til frekari dæða

Elín Líndal, formaður Jafnréttisráðs, sagði í ávarpi við athöfnina að viðurkenningunni væri ætlað að benda á fyrirmynd öðrum til eftirbreytni ásamt því að vera viðurkenningarhafanum hvatning til enn frekari dæða. Elín fjallaði um verkefni og áherslur VR á sviði jafnréttismála í ávarpi sínu, m.a. áherslu félagsins á að fólk hafi möguleika á að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf, átak gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum

**Páll Pétursson félagsmálaráðherra afhenti Magnúsi L. Sveinssyni, formanni VR, viðurkenningu Jafnréttisráðs. Á myndinni er einnig Elín Líndal, formaður ráðsins.**

og jafnréttisstefnu félagsins sem unnið er eftir með virkum hætti.

„Félagið vinnur á nokkrum sviðum að því að eyða launamun kynjanna. Það hefur m.a. ýtt undir sjálfstraust kvenna með sjónvarpsauglýsingum. Félagsmönnum er boðið upp á námskeið um hvernig beri að semja um laun og einnig er í boði ókeypis starfs- og námsráðgjöf. Í báðum tilvikum er mikill meirihluti þátttakenda konur,“ sagði Elín.

## Viðurkenningin tileinkuð starfsfólkinu

Magnús L. Sveinsson, formaður VR, tók á móti viðurkenningunni fyrir hönd félagsins. Hann sagði að viðurkenning sem þessi væri mikilsverð til að efla umræðu um jafnréttismál og að hún væri hvatning til allra á vinnumarkaði. Magnús þakkaði starfsfólki vel unnin störf á þessum vettvangi og tileinkaði viðurkenningu Jafnréttisráðs starfsfólki félagsins.

## Einróma niðurstaða Jafnréttisráðs

Alls voru tilnefningar til viðurkenningar Jafnréttisráðs í ár fjórar talsins; Orkuveita Reykjavíkur



Það var margt um manninn við

fyrir að veita styrki til ungra stúlkna sem eru að hefja nám í verkfræði, Hafnarfjarðarbær fyrir störf að jafnréttismálum, Kvenna-nefnd verkfræðingafélagsins fyrir frumkvöðlastarf innan félagsins þar sem einungis 6% félagsmanna

# VERKEFNI VR Á SVIÐI JAFNR

Eitt af meginmarkmiðum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur er að beita sér fyrir því að eyða launamun kynjanna og stuðla að jafnrétti á öðrum sviðum vinnu-markaðarins. Mörg undanfarin ár hefur félagið unnið að þessum málaflokki með ýmsum hætti.

**Árið 2000 skipaði stjórn félagsins jafnréttisnefnd VR. Í nefndinni sátu Alda Sigurðardóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Gunnar Páll Pálsson og Sigurður Sigfússon. Nefndin beitti sér fyrir myndun starfshóps innan skrifstofunnar sem hafði það að markmiði að semja jafnréttisstefnu fyrir félagið. Í starfshópnum voru Alda Sigurðardóttir, Anna Björg Siggeirsdóttir, Elías Magnússon, Gunnar Páll Pálsson, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir og Steinunn Böðvarsdóttir sem allt eru starfsmenn félagsins. Jafnréttisstefnan var síðan samþykkt samhljóða á fundi stjórnar félagsins í janúar árið 2001.**

Í þessari grein er fjallað um markmið félagsins á sviði jafnréttismála og verkefni þess á þeim vettvangi á undanförunum árum. Umfjöllunin byggir á áherslum í jafnréttisstefnu félagsins sem birt er í opnunni.

## Fjölgun kvenna í ábyrgðarstöðum

Varðandi það markmið VR að fjölga konum í ábyrgðar- og stjórnunarstörfum og efla menntun kvenna, eins og kveðið er á um í greinum 1. og 2. í jafnréttisstefnunni, hefur félagið gert eftirfarandi:

- Sýnt sjónvarpsauglýsingar um launamun kynjanna og um launaviðtalið.
- Boðið upp á námskeiðið „Að semja um laun“ en það stendur til boða öllum félagsmönnum VR, konum jafnt sem körlum. Markmiðið er að undirbúa félagsmenn undir árlegt launaviðtal en sem kunnugt er var í síðustu kjarasamningum samið um persónubundin laun og árlegan rétt starfsmanna til launaviðtals við yfirmann. Yfir 500 félagsmenn hafa sótt þau 22 námskeið sem haldin hafa verið. Um 90% þátttakenda hafa verið konur.
- Boðið félagsmönnum upp á ókeypis starfs- og námsráðgjöf. Á þriðja hundrað félagsmenn hafa nýtt sér þessa ráðgjöf og hafa 80% þátttakenda verið konur.

- Boðið upp á námskeiðið „Konur til forystu“ sem unnið er af IMG Þekkingarsmiðjunni og stendur til boða fyrir konur í félaginu með 5 ára starfsreynslu annars vegar eða háskólamenntun og 2ja ára starfsreynslu hins vegar. Þar er m.a. fjallað um starfsþróun og starfsframa, hlutverk stjórnenda í nútímafyrirtækjum, breytingar, hópa og hóphlutverk og markmiðasetningu.
- Boðið upp á námskeiðið „Tjáning og tækifæri“ sem er opið öllum konum innan VR. Leiðbeinendur eru frá fyrirtækinu Skref fyrir Skref. Helstu markmið með námskeiðinu eru að þátttakendur öðlist aukið öryggi, læri að nýta styrk sinn og kosti og hvernig eigi að ryðja úr vegi hindrunum og geti tekist á við ógrandi verkefni. Fjallað er m.a. um samskiptahæfni, hvernig á að stjórna kvíða, hvernig á að öðlast örugga framkomu og tjáningu í ræðustól.
- Tekið þátt í útgáfu á bæklingnum Lykillinn að velgengni á vinnumarkaði í samvinnu við jafnréttisáttak Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og fleiri aðila. Bæklingur þessi er ætlaður ungum konum sem eru að stíga sín fyrstu spor á vinnu-markaðinum en hann nýtist einnig þeim sem hugsa sér til hreyfings eða sækjast eftir meiri ábyrgð í starfi.

## Jöfn ábyrgð kynjanna

Í þriðju grein jafnréttisstefnunnar er kveðið á um jafna ábyrgð kynjanna á fjölskyldu og börnum og hefur félagið gert eftirfarandi:

- Aukið verulega veikindarétt vegna veikinda eða slysa barna félagsmanna úr 90 dögum í allt að 270 daga. Þetta hefur verið auglýst í blöðum og tímaritum.



- Samið um styttingu vinnuvikunnar um 30 mínútur í síðustu kjarasamningum. Félagið var með auglýsingaherferð um málið.
- Beitt sér fyrir sveigjanlegum vinnutíma, m.a. við gerð síðustu kjarasamninga. Félagið tók m.a. þátt í verkefninu Hið gullna jafnvægi sem Reykjavíkurborg og Gallup stóðu fyrir. VR átti þar 2 fulltrúa í ráðgjafahóp verkefnisins, þau Öldu Sigurðardóttir og Elías Magnússon.

- Frá árinu 1999 greiddi félagið félagsmönnum sínum 80% launa í fæðingarorlofi þar til ríkið tók við skv. nýjum fæðingarorlofslögum.

## Hærri laun

Varðandi þá áherslu félagsins að hækka laun, eins og grein 4. í jafnréttisstefnunni kveður á um, hefur félagið m.a. gert eftirfarandi:

- Samið um markaðslaun en ljóst er að aðeins um 5% félagsmanna taka laun skv. launatöxtum. Með því að fá ákvæði um persónubundin laun og árlegt viðtal inn í kjarasamninga er verið að styrkja þá sem höllum fæti standa við þær aðstæður sem ríkja á vinnumarkaðinum og reynt að stuðla að upptöku starfs- og framistöðumats.
- Staðið fyrir árlegri launakönnun meðal félagsmanna VR. Á síðasta ári var vakin atgylgi í fjölmiðlum á hreinum launamun kynjanna sem reyndist vera 18% nákvæmlega eins og árið áður. Félagið gaf út blað þar sem greint var frá niðurstöðum könnunarinnar. Blaðinu var dreift með Morgunblaðinu um allt land.

## Velliðan í vinnu

Hvað varðar velliðan á vinnustað og starfsanda, sem fjallað er um í síðari hluta jafnréttisáætlunarinnar, hefur félagið gert eftirfarandi:



# LAUNIN 2001



Afhendingu jafnréttisverðlaunanna 2001.

Myndir: Erling

eru konur og VR fyrir framúrskarandi brautryðjendastarf á sviði kynjajafnréttis á hinum almenna vinnumarkaði.

Elín Líndal sagði það hafa verið samhljóða niðurstöðu Jafnréttisráðs að veita VR viðurkenn-

inguna. „Í stuttu máli mætti segja um forsvarsmenn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að þar hafi ekki verið setið með hendir í skauti og beðið eftir margrómaðri viðhorfsbreytingu heldur gripið til aðgerða sem breytt hafa viðhorfum.“

## ÉTTISMÁLA

- Staðið fyrir könnunum s.l. fimm ár um fyrirtæki ársins þar sem lögð er áhersla á að kanna velliðan á vinnustað. Í síðustu könnun var könnuð af staða kynjanna til vinnustaða sinna og viðhorf til jafnréttismála.
- Efnt til ráðstefnu um einelti á vinnustöðum og gefið út bækling og veggspjald um málefnið sem dreift var á vinnustaði. Vakin var athygli á þessum málaflokki í auglýsingum og umræðum í fjölmiðlum. Starfsmenn kjaramála-deildar félagsins hafa verið þjálfaðir í að taka á slíkum málum og hefur Sigrún Víktorsdóttir tekið að sér að sjá um ferli slíkra mála á skrifstofunni. Félagið greiðir einnig sálfræðiastoð vegna slíkra mála, ef talin er þörf á því. Fjöldi mála sem komið hafa til kasta félagsins hefur stóruakist í kjölfar þessarar herferðar.
- Gefið út, í samstarfi við Samtök verslunarinnar – FÍS, bækling og veggspjald um kynferðislega áreitni. Bæklingnum og veggspjaldinu var dreift á vinnustöðum. Einnig var vakin athygli á þessum málaflokki í fjölmiðlum.
- Veitt trúnaðarmönnum sérstaka þjálfun um einelti og kynferðislega áreitni. Slík þjálfun verður áfram hluti af trúnaðarmannanámskeiðum félagsins.

Auk þess sem að framan er talið má nefna þátttöku félagsins í verkefni í kjölfarið á ráðstefnunni Konur og lýðræði. VR var einn framkvæmdaaðila ráðstefnunnar hér á landi og stóð að verkefni í Lítáen og Lettlandi sem hafði það að markmiði að styrkja stoðir vinnumarkaðarins og efla stöðu kvenna.

Þá var forstöðumaður hagdeildar félagsins, Gunnar Páll Pálsson, skipaður til setu í Jafnréttisráði árið 2001 fyrir hönd ASÍ.

### Konur í ábyrgðarstörfum í stjórn og á skrifstofu félagsins

Hlutur kvenna í ábyrgðarstörfum hjá félaginu fer stöðugt vaxandi enda félagsmenn að meirihluta konur.

- Í stjórn félagsins sitja 10 konur af 17 stjórnarmönnum alls.
- Varaformaður félagsins er Stefania Magnúsdóttir.
- Ritari er Elín Elíasdóttir.
- Gjaldkeri er Edda Kjartansdóttir
- Formaður orlofssjóðs er Elín Elíasdóttir.
- Formaður framkvæmdastjórnar fræðslusjóðs er Rannveig Sigurðardóttir.
- Deildarstjóri sjúkrasjóðs er Þorgerður Sigurðardóttir.
- Fræðslustjóri félagsins er Alda Sigurðardóttir.
- Ritstjóri VR-blaðsins er Steinunn Böðvarsdóttir.

# Jafnréttisstefna Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

## SÖMU LAUN FYRIR SÖMU VINNU

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stefnir markvisst að jafnrétti á vinnumarkaði óháð kyni. Félagið vill að tryggt sé að 14. grein jafnréttislaga sé virt og konum og körlum séu greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Ójafnrétti á vinnumarkaði birtist fyrst og fremst í launamun kynjanna. Pennan mun má m.a. rekja til þess að karlar eru enn í meirihluta í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum, þeir vinna meiri yfirvinnu, hafa lengri starfsaldur og fleiri hafa notið menntunar. Að teknu tilliti til alls þessa stendur eftir óútskýrður 18% launamunur. Það er stefna Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að þessum mikla launamun kynjanna verði eytt og leggur félagið áherslu á að því markmiði verði náð sem fyrst. Til að þessu markmiði verði náð þarf að:

1. **Fjölga konum í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum.**
  - a. Hvetja konur til að sækja um ábyrgðar- og stjórnunarstöður og fyrirtæki að ráða konur í slík störf til jafns við karlmenn.
  - b. Hvetja fyrirtæki til að taka bæði kynin í starfsviðtöl vegna slíkra starfa.
2. **Efla menntun kvenna.**
  - a. Hvetja konur til að afla sér endur- og símenntunar og vinna að því að konur og

- karlar hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar, starfsþjálfunar og námsleyfa.
- b. Styrkja konur sérstaklega með því að bjóða sértæk námskeið fyrir konur, t.d. stjórnunar námskeið, styrkingarnámskeið og fleira.
- c. Hvetja fyrirtæki til að gera fræðslustefnu þar sem sérstaklega er tekið mið af þörfum kvenna.

3. **Jafna ábyrgð kynjanna á fjölskyldu og börnum.**
  - a. Hvetja feður til að taka ábyrgð á fjölskyldu sinni til jafns við mæður, s.s. nýta sér rétt til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikra barna.
  - b. Auðvelda foreldrum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.
  - c. Stuðla að frekari samningum á vinnumarkaði um styttri og sveigjanlegri vinnutíma sem gerir fólki kleift að samræma þarfir fjölskyldu sinnar og atvinnu.
  - d. Vinna að því að skipulag skólakerfisins verði lagað að þörfum fjölskyldu og atvinnulífs.

4. **Hækka laun.**
  - a. Hækka dagvinnulaun og minnka yfirvinnu.
  - b. Tengja laun frammistöðu og starfsmati.
  - c. Stuðla að umræðu um framleiðni og samþættingu framleiðni og launa.
  - d. Stuðla að aukinni menntun og færni til að ná fram meiri framleiðni.

## JÖFN AÐSTAÐA Á VINNUMARKAÐI

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stefnir markvisst að jafnrétti á vinnumarkaði óháð aldri og þjóðerni. Félagið leggur áherslu á að styrkja stöðu eldra fólks, fatlaðra og nýbúa á vinnumarkaði og vinna gegn mismunun hvað snertir laun og önnur réttindi.

Til að þessum markmiðum verði náð þarf að:

1. **Efla menntun og starfsþróun.**
  - a. Stuðla sérstaklega að möguleikum á þróun í starfi með markvissri endur- og símenntun.
  - b. Auðvelda nýbúum aðgang að þjálfun í íslensku.

- c. Gefa út bæklinga á erlendum tungumálum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
2. **Styrkja stöðu einstaklinga.**
    - a. Hvetja alla til að taka þátt í lífeyrissparnaði með greiðslum í séreignarsjóði.
    - b. Auðvelda starfslok, t.d. með möguleikum á hlutastörfum, lengra sumarleyfi og fræðslu um starfslok.
    - c. Leggja áherslu á gott aðgengi og aðbúnað fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum.

3. **Velliðan og starfsandi.**
  - a. Stuðla að því að starfsfólk fyrirtækja komi fram við hvert annað af virðingu og það þurfi hvorki að sæta kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi á vinnustað sínum.



Opið alla daga vikunnar

**8-24**

í Lyfju Lág múla



og Lyfju Smáratorgi

 **LYFJA**  
- lyf á lágmarksverði

Heimasíða VR:  
**WWW.VR.IS**

Við öll  
tækifæri

**ora**  
VÖRUR

**AVIS** Alltaf betri verð

Avis mælir með Opel

Góður  
kostur

Útvegum bíla  
um allan heim

Hringdu og pantaðu núna!  
Frábær kjör á bílaleigubílum

Sími: 533 1090  
Dugguvogur 10

Fax: 533 1091 - E-mail: avis@avis.is

# ÁR LIÐIÐ FRÁ HERFERÐ VR GEGN EINELTI

## Tæplega 30 mál komið til



Um þessar mundir er ár liðið frá ráðstefnu VR um einelti á vinnustöðum sem haldin var í Iðnó. Ráðstefnan, sem var hluti af herferð VR gegn einelti, var mjög vel sótt og vakti almennt mikla athygli, bæði launþega og atvinnurekenda.

Þegar VR hóf umræðuna um einelti á vinnustöðum má segja að félagið hafi rennt blint í sjóinn þar sem ekki lá fyrir hversu mikil þörf væri á að fjalla um þetta málefni opinberlega. Starfsmenn félagsins gerðu hins vegar ráð fyrir því að þörfin væri ekki minni hér en í nágrannalöndum okkar þar sem umræðan hefur verið í gangi í þónokkurn tíma. Það kom síðan í ljós að þörfin er mikil.

### Einelti yfirmanns gagnvart undirmanni

Frá nóvember 2000 til sama mánaðar árið 2001, þ.e. á einu ári, hafa 29

## „MIG LANGAR TIL KÚBU,“ SAGÐI STEFANÍA

# Fékk óskina uppfyllta

Í síðasta VR blaði var meðal annars viðtal við Stefaníu Guðmundsdóttur, sem starfað hefur á sama vinnustaðnum, bifreiðastöðinni Hreyfli, í meira en hálfa öld.

Í viðtalinu komst Stefanía svo að orði þegar spurt var um áhugamál: „Ef ég ætti nóga peninga myndi ég leggjast í ferðalög. Núna er ég með Kúbu á heilanum, mig langar til að komast þangað.“

VR blaðið kom út með þessum orðum Stefaníu og það liðu ekki margir dagar þar til Samvinnuferðir-Landsýn, Hreyfill og Flugfélagið Atlanta ákváðu að láta ósk Stefaníu rætast og bjóða henni til Kúbu. Myndin var tekin þegar gjafabréfið var afhent, frá v.: Elías Höskuldsson frá Flugfélaginu Atlanta, Lilja Hilmarisdóttir fararstjóri hjá Samvinnuferðum-Landsýn, Stefanía tekur við gjafabréfinu og Sæmundur Kr. Sigurlaugsson forstjóri Hreyfils. Og þegar þessi orð eru skrifuð er Stefanía Guðmundsdóttir sem sagt stödd á Kúbu og óskinn rættist ótrúlega fljótt.



# EINELTI ÁVINNUSTÖÐUM Fyrir kasta félagsins

eineltismál komið til umfjöllunar hjá starfsmanni félagsins sem hefur með þennan mála flokk að gera. Fleiri aðilar hafa þó leitað til félagsins en við nánari athugun á þeim málum hefur komið í ljós að frekar var um ágreining að ræða en einelti.

Mörg eineltismálanna hafa snúist um einelti yfirmanns gagnvart undirmanni en önnur um einelti milli samstarfsfélaga. Í öllum tilfellum var haft samband við yfirmenn í viðkomandi fyrirtækjum og þeim gerð grein fyrir stöðu mála og hugsanlegri bótakröfu, þ.e. hafi þólandi ekki sérstaklega óskað eftir að málið sé látið kjurt liggja. Fyrir kemur að einstaklingar sem leita til VR vegna eineltismála óska fyrst og fremst eftir því að félagið sé upplýst um hvað hafi átt sér stað og þá hafa starfslok e.t.v. þegar orðið.

Mörgum málanna hefur lokið þannig að þólandinn hefur fengið lausn frá störfum og hefur fengið launagreiðslur í uppsagnarfresti. Því miður er aðkoma félagsins að eineltismálum oft á þeim tímamarki þegar verið er að semja um starfslok og enginn grundvöllur er fyrir

frekara samstarfi því þólandinn er í raun uppgefinn.

## Því fyrr, því betra

Það er hins vegar jákvætt að því upplýstari sem félagsmenn eru um einelti því fyrr koma þeir og leita aðstoðar hjá félaginu. Grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi þólanda hjá fyrirtækinu styrkist og það gleðilega gerist að mál leysast á þann hátt að geranda er gerð grein fyrir því að framferði hans verði ekki liðið, hann hefur látið af hegðun sinni og framtíð þólanda hjá fyrirtækinu verði tryggð.

Vonandi verður þetta framtíðarlausn flestra eineltismála en allar kannanir sýna að eineltismál, sem stéttarfélag og vinnuveitendur koma sameiginlega að, leysast farsælast fyrir alla hlutaðeigandi. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að hvert einasta mál sem kemur til kasta VR er einu máli ofaukið. Það er því enn verðugt verkefni okkar allra að vera stöðugt á varðbergi fyrir þeirri vá sem einelti er þeim sem fyrir því verður.

*Sigrún Víktorsdóttir*

## Á Í VIÐTALI VIÐ VR BLAÐIÐ



Mynd: Morgunblaðið / Kristinn

Sumir staðna...

...aðrir koma til okkar!



## Námskeið í boði vorönn 2002

- Linux netumsjón (540 stundir)
- Forritun og kerfisfræði (858 stundir)
- Fornám fyrir forritun og kerfisfræði (144 stundir)
- Skrifstofu- og tölvunám 1 (258 stundir)
- Tölvubókhalld - (Navision Financials) (96 stundir)
- Auglýsingatækni (156 stundir)
- Sölu- og tölvunám (264 stundir)
- TÖK - Tölvunám (90 stundir)
- MCP - Netumsjón (108 stundir)
- Almenn tölvunám (72 stundir)
- Tölvunám fyrir eldri borgara (45 stundir)
- Bókhaldsnám (120 stundir)
- AutoCad og 3D Studio Max (180 stundir)
- Vefsíðugerð (204 stundir)
- Photoshop ACE (96 stundir)
- QuarkXPress (42 stundir)
- Premier myndbandavinnsla (72 stundir)
- **Fjarnám:** TÖK-tölvunám  
Almenn tölvunám  
Bókhaldsnám

Allar nánari upplýsingar er að finna á  
[www.ntv.is](http://www.ntv.is) eða í neðangreindum sínum.

ntv

Nýi tölvu- &  
viðskiptaskólinn

Hólshrauni 2 - 220 Hafnarfirði - Sími: 555 4980  
Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogi - Sími: 544 4500  
Eyravegí 37 - 800 Selfossi - Sími: 482 3937  
Póstfang: [skoli@ntv.is](mailto:skoli@ntv.is) - Veffang: [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

VR félagar fá 7% afslátt af einstökum námskeiðum

ntv.is



# AF EVRÓPUVETTvangi



## Austurríki

### Aukinn fæðingarorlofsréttur

Austurríska þjóðþingið hefur samþykkt ný lög sem bæta verulega fæðingarorlofsrétt launamanna. Samkvæmt nýju lögunum, sem taka gildi frá og með 1. janúar 2002, eiga allir foreldrar rétt á mánaðarlegum „barnaumhyggjulaunum“ sem nema €436 eða 41.000 íslenskum krónum fyrir allt að fyrstu þrjú ár barnsins. Til þess að eiga rétt á að fá greitt öll þrjú árin þarf annað foreldrið að þiggja a.m.k. 6 mánaða greiðslu og á hitt foreldrið þá rétt á 30 mánaða greiðslu.



## Belgía

### Aðilar vinnumarkaðarins gera tillögur um notkun tekjuafgangs

Samtök atvinnurekenda og stéttarfélag í Belgíu þrýsta nú á stjórnmöld um hvernig verja skuli tekjuafgangi í sjóði almannatryggingakerfisins. Nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hefur áætlað að tekjuafgangur árið 2002 nemi frá €400 milljónum til eins milljarðs Evra eða sem svarar 37 til 94 milljörðum íslenskra króna. Samtök atvinnurekenda vilja að fjármunirnir verði notaðir til þess að lækka framlög atvinnurekenda í almannatryggingasjóði og segja að reynslan sýni að slíkt skapi allt að 220.000 ný störf. Stéttarfélög vilja hins vegar að peningarnir verði notaðir til þess að hækka bætur almannatrygginga sem líklega munu nema um €500 milljónum eða 47 milljörðum íslenskra króna.



## Bretland

### Ríkisstjórnin fundar með verkalyðsfélögum

Forystumenn verkalyðsfélaga í Bretlandi munu nú eiga reglubundna fundi með Tony Blair forsætisráðherra allt að sex sinnum á ári. Þessi ákvörðun kemur í kjöl-

far mikillar gagnrýni verkalyðsfélaga á mörg stefnumál ríkisstjórnarinnar og er markmiðið að styrkja böndin milli verkalyðsfélaga og ríkisstjórnarinnar. Að undanförunu hafa verkalyðsfélögin t.d. gagnrýnt einkavæðingarform ríkisstjórnarinnar harðlega. Sérstaklega hafa þau þvertekið fyrir þann möguleika að einkaaðilar fái frekari aðkomu að rekstri skóla og spítala. Þar sem verkalyðsfélögin eru meginfjárfestingar Verkamannaflokksins gat Tony Blair ekki gert annað en að boðið þeim til hálf-opinberra samráðsfunda til þess að ræða atvinnumál og stefnu ríkisstjórnarinnar í félagsmálum.

### Minni réttindi launamanna með tímabundna ráðningu

Samkvæmt nýlegri könnun Sambands stéttarfélag, TUC, fær um helmingur allra starfmanna með tímabundinn ráðningarsamning lægri laun en fastráðnir starfsfélagar þeirra. Í Bretlandi eru 1,7 milljónir manna eða 7% vinnuafis með tímabundna ráðningu og fer þeim fjölgandi. Í könnuninni voru skoðaðir 200 vinnustaðir þar sem stéttarfélagsbundið starfsfólk var við störf og kom í ljós að 50% fyrirtækja borga fastráðnum starfsmönnum önnur laun en þeim sem voru ráðnir tímabundið. Í 3% tilfella voru það lægri laun en í 47% tilfella hærri laun. Þeir sem eru tímabundið ráðnir hafa líka minni rétt á öðrum sviðum, 14% höfðu ekki rétt til orlofs, 25% voru ekki með rétt til veikindadaga og 70% höfðu ekki sama rétt til lífeyrisgreiðslna.

### Kosið 2000 sinnum um verkfallsaðgerðir

Á fyrri hluta árs 2001, til maí-mánaðar, voru haldnar nær 2000 kosningar um verkfallsaðgerðir í breskum verkalyðsfélögum og er það um tvöfalt meira en á sama tíma á síðasta ári. Reyndar kom ekki til verkfallsaðgerða nema í um 50% tilvika. Nokkuð margar kosningar voru t.d. haldnar hjá kennurum vegna vinnutímadeilna. Samband stéttarfélaganna telur þó að verkfallsaðgerðir séu hlutfallslega fátíðar í Bretlandi.



## Aukinn fæðingarorlofsréttur í Austurríki

- Hækkaðar bætur almannatrygginga í Belgíu
- Bresk verkalyðsfélög gagnrýna ríkisstjórn
- Skortur á starfsfólki í tæknigeiranum í Danmörku
- Finnar breyta atvinnuleysisbótum
- Einelti á vinnustað er nú refsiverður glæpur í Frakklandi
- Rannsakaðar veikindafjarvistir í Hollandi
- Tímamótadómur varðandi mismunun vegna aldurs í Írlandi
- Ójöfn kynjaskipting í stjórnunarstöðum hjá Norðmönnum
- Launamenn taka á sig högginn í Portúgal
- Ágreiningur um framkvæmd kjarasamninga á Spáni
- Svissnesk stéttarfélög vilja kauphækkun
- Barist gegn mismunun vegna kynhneigðar í Svíþjóð
- Samkynhneigð pör hljóta sama rétt og giftir í Þýskalandi



## Danmörk

### Skortur á starfsmönnum í upplýsinga- og tæknigeira

Eins og víða annarsstaðar í Evrópu er nú talsverður skortur á starfsfólki á upplýsinga- og tæknisviði í Danmörku, samkvæmt nýrri skýrslu. Talin er hætta á að þetta muni hægja á efnahagsframförum og aukningu atvinnutækifæra. Samkvæmt skýrslunni mun dönsk fyrirtæki skorta um 19.000 tæknimenntað starfsfólk á næstu 12 mánuðum. Þessi skortur hefur verið vandamál í Danmörku á undanförunum árum og gerir þessi skýrsla ekki annað en að auka áhyggjur manna. Nú þegar eru 4.203 laus störf hjá þessum fyrirtækjum. Áætlað er að þessi tala verði komin í 5.523 eftir þrjá mánuði og 18.918 innan tólf

mánaða. Um þriðjungur starfa er vegna hámenntafólks sem gerir það að verkum að menntakerfi landsins á enga möguleika á að koma til móts við þörfina. Á hinn bóginn eru stjórnmöld ekki tilbúin til þess að laða til sín hæft starfsfólk frá öðrum löndum nema hljóta til þess stuðning stéttarfélaganna sem nú eru loks farin að viðurkenna vandann.



## Finnland

### Tillögur um breytingar á atvinnuleysisbótum

Fjármálaráðuneytið í Finnlandi hefur lagt fram tillögur að fjárlögum ársins 2002. Í þeim felast m.a. lækkun tekjuskatts og lækkun lífeyrissjóðsframlags atvinnurekenda. Þessum tillögum hefur verið vel tekið af atvinnurekendum en stéttarfélög hafa verið orðvör um málið. Umdeildustu atriði fjárlaganna eru þó tillögur að breytingum á tekjutengdum atvinnuleysisbótum en fjárhæðir þeirra eiga að lækka í takt við lengd bótatímabils. Samkvæmt tillögum verður atvinnulausum borguð hærri upphæð fyrstu 100 daga atvinnuleysis en eftir það munu upphæðirnar lækka verulega. Í dag eru hærri bæturnar greiddar í allt að 500 daga. Markmið tillaganna er að hvetja atvinnulausa til atvinnuleitar.

**Veikindafjarvistir hollenskra starfsmanna með tímabundna ráðningu eru taldar óeðlilega miklar. Málið er í rannsókn. Myndin er frá Amsterdam.**

Myndir: Pálmi Guðmundsson



## Frakkland

### Einelti á vinnustað er glæpur

Þjóðþing Frakklands hefur samþykkt breytingartillögu á lögum sem felur í sér að einelti á vinnustað telst nú glæpur sem hefur í för með sér refsingu allt að eins árs fangelsi og sekt að upphæð €15,245 (ÍSK 1,4 milljónir). Lögin eru hluti af frumvarpi um nútímavæðingu félagslegra laga þar í landi. Refsingar fyrir einelti eru nú svipaðar þeim og gilda um kynferðislegt áreitni. Við aðra yfirferð frumvarpsins gafst þingmönnum tækifæri til þess að setja inn nánari skilgreiningar á því í hverju einelti á vinnustað er fólgið. Í lögunum stendur; „enginn starfsmaður skal þurfa að þola síendurtekið einelti sem raskar vinnuáðstæðum hans og réttindum, sjálfsvirðingu, líkamlegri eða andlegri heilsu hans eða setur starfsframa hans í hættu.“

Í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um mismunun hefur sönnunarbyrði verið breytt í málum er varða kynferðislegt áreitni og einelti á vinnustað. Þegar mál koma fyrir dóm er það því undir þeim komið sem sakaður er um einelti að sannfæra dómara um að framkoma hans teljist ekki vera einelti heldur réttlætanagerleg vegna „hlutlægra ytri aðstæðna“. Leyflegt er að stéttarfélag sé fulltrúi viðkomandi í réttarsal. Loks er ákvæði í lögunum þess efnis að trúnaðarlæknir fyrirtækis geti mælt fyrir um að þolendur eineltis séu fluttir til í fyrirtæki eða boðið þar nýtt starf.

**Deilur um framlengingu samnings um 35 stunda vinnuviku**

Ekki hefur náðst samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um





framlengingu á samningi um 35 stunda vinnuviku starfsmanna á hótélum, kaffihúsum og veitingastöðum. Aðalsamninganefnd hafnið að framlengingu samningsins en að honum stóðu tvenn samtök atvinnurekenda, SFH og SNRH, og tvenn stéttarfélög, CFDT og CGT. Ósk um framlengingu samningsins verður skoðuð aftur á næsta fundi samninganefndarinnar. Sá möguleiki er fyrir hendi að atvinnumálaráðherrann, Elisabeth Guigou, muni einfaldlega hunsast vilja nefndarinnar og framlengja samninginn. Slíkt gæti þó orðið mjög erfitt vegna þess að stærstu samtök atvinnurekenda, UMIH, stóðu ekki að upphaflega samningnum.

**Ríkisstjórnin hækkar lögbundin lágmarkslaun**  
Ríkisstjórn Frakklands hefur nýlega hækkað lögbundin lágmarkslaun í landinu um 4,05%, þannig að lágmarkstímakaup er nú €6,67 (ÍSK 626). Þetta þýðir að lágmarks mánaðarlaun í Frakklandi eru nú €1,127,23 (ÍSK



Á Írlandi hefur verið kveðinn upp tímamótadómur og dæmdar skaðabætur fyrir mismunun vegna aldurs. Myndin er frá mannfjölda á göngugötu í Dublin.



**Husk** er 100% náttúrulegt „þarmastillandi“ efni, sem samanstendur af hreinni, hreinsaðri fræskurn af indversku lækningajurtinni *Plantago Psyllium*.

**Husk** er án sykurs eða bragðefna og bætir starfsemi þarmanna á vægan hátt.

**Husk** fæst í apótekum um allt land!



105,802) fyrir 169 stundir eða 39 stunda vinnuviku. Þetta mun vera hæsta einstaka hækkun lágmarkslauna þarlendis síðan árið 1997 en nú er gripið til þessara ráða til þess að þeir lægst launuðu fái að njóta þeirrar uppsveiflu sem ríkt hefur undanfarið í frönsku efnahagslífi.



## Holland

**Meiri upplýsingar um starfsmenn með tímabundna ráðningu**  
Samband stéttarféлага í Hollandi, FNV Bondgenoten, stendur nú fyrir átaki til þess að draga úr veikindafjarvistum starfsmanna með tímabundna ráðningu. Komið hefur í ljós að veikindafjarvistir þessa hóps launafólks eru mun meiri en hjá fastráðnum starfsmönnum auk þess sem veikindi verða í auknum mæli langvarandi en um 27% eru veikir í a.m.k. 6 vikur á ári. Rannsóknarnefnd vinnumarkaðarins hefur í



Danir telja að skortur á starfsfólki í upplýsinga- og tækni-geira muni hægja á efnahagsframförum. Myndin er tekin í Kaupmannahöfn á hlýjum sumardeg.

framhaldi af þessum upplýsingum ákveðið að gera rannsókn í málinu á næsta ári.



## Írland

**Tímamótadómur – mismunun vegna aldurs**  
Vinnumáladómstóll Írlands hefur kveðið upp dóm sem kalladur hefur verið tímamótadómur en hann hefur dæmt lögmansritara €7.620 (ÍSK 715.000) í skaðabætur fyrir mismunun vegna aldurs. Rachel Argent, sem er á fimmtugsaldri, starfaði hjá lögmansfyrirtækinu MM Halley & Sons er þeir réðu yngri starfsmann og hófu að þjálfa hann sem ritara og einskonar lögfræðilegan ráðgjafa. Var Rachel Argent þá sagt upp störfum. Jafnréttisnefnd hóf í framhaldi af því málarekstur fyrir hönd Argent fyrir Vinnumáladómstólnum þar sem fullt var að hún væri fórnarlamb aldursmismununar. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ástæða uppsagnarinnar hafi verið ósk fyrirtækisins um að ráða yngri manneskju í starfið og voru Rachel Argent dæmdar €7.620 í skaðabætur. Hefur Jafnréttisráð Írlands fagnað þessari niðurstöðu og segir hana einsdæmi í Evrópu.

**Hækkun lögbundinna lágmarkslauna**  
Lögbundin lágmarkslaun í Írlandi voru hækkuð í €5,97 (ÍSK 560) frá 1. júlí 2001 og svo aftur frá 1. október s.l. í €6,36 (ÍSK 596). Lög um lágmarkslaun tóku gildi á Írlandi þann 1. apríl árið 2000.



## Noregur

**Ójöfn kynjaskipting í stjórnunarstöðum**  
Nýleg rannsókn í 63.500 norskum fyrirtækjum sýnir gífurlegan mun kynjanna þegar kemur að stjórnununarstöðum. Niðurstaðan er sú að 94% norskra launamanna hafa karlmann sem yfirmann en aðeins 6% hafa konu sem yfirmann. Enda þótt forstjórinn hafi verið kona í 20% fyrirtækjanna sem skoðuð voru hafa stóru fyrirtækin með mestan fjölda starfsmanna og veltufjárhæðir nánast öll karlmann við stjórnvölinn. Aðeins 2,2% af 500 stærstu fyrirtækjum Noregs höfðu konur í forystu. Tilhneigingin virðist sú að konur stjórni einkum mjög smáum fyrirtækjum, oft með aðeins einum starfsmanni, þ.e. þeim sjálfum. Fræðimenn telja skýringin sé e.t.v. fólgin í þeirri

tilhneigingu kvenna að velja sér hefðbundnari leiðir á mennta-brautinni á meðan karlmenn kjósi frekar viðskipta- og tækni-menntun.



## Portúgal

**Stéttarfélög mótmæla breytingum á útgjöldum ríkisins**  
Ríkisstjórn Portúgal kynnti nýlega áætlanir um hvernig megi draga úr útgjöldum ríkisins. Þar sem opinberir starfsmenn verða mest fyrir barðinu á þessum niðurskurði hafa stéttarfélög mótmælt áætlunum og boðað aðgerðir. Niðurskurðaráætlunin er í 50 liðum sem sumir hverjir munu hafa veruleg áhrif á starfskjör opinberra starfsmanna þar sem aðeins verður ráðinn einn starfsmaður fyrir hverja fjóra sem láta af störfum. Einnig er fyrirhugað að minnka launagjöld og skera niður yfirvinnu árið 2002. Engin ný opinber þjónusta verður sett á laggirnar og ráðgert er að bjóða út marga opinbera verkþætti til einkaaðila. Einnig munu verða settar takmarkanir á opinber ferðalög og risnukostnað. Er þessum aðgerðum ætlað að skila 9% lækkun á opinberum útgjöldum auk þess sem sveigjanleiki í opinberri þjónustu muni aukast og gæðin að sama skapi. Öll stéttarfélögin hafa þó mótmælt þessum áformum harðlega og segja að launamenn þurfi að taka á sig öll höggin sem þessu fylgja. Megin-samtök vinnuveitenda hafa lítið sagt um málið annað en það að þau fagni öllum aðgerðum sem haldi niðri kostnaði.

**Aukning á gjaldþrota-beiðnum fyrirtækja**  
Aukning varð á gjaldþrota-beiðnum og beiðnum um greiðslustöðvun hjá fyrirtækjum í Portúgal á fyrstu 6 mánuðum ársins. Nýleg rannsókn sýnir að 906 fyrirtæki urðu gjaldþrota milli janúar og júní 2001 sem er 17,8% aukning frá sama tímabili árið áður. Mesta aukning gjaldþrota var á sviði verslunar og þjónustu. Á sama tíma sýnir rannsókn stéttarféлага í Lissabon að aukning hefur orðið á því að fyrirtæki hætti rekstri án þess að greiða starfsmönnum laun sem þeir eiga inni.

Frh. á bls. 15

Við öll tækifæri




VÖRUR



– það er kaffið! – Sími 575-5500  
www.kaffi.is



# KROSSGÁTA



|                            |    |                        |                       | NÁ-<br>KOMIN                 | KRAFTUR<br>ÞRÁÐ-<br>URINN | HREINN                             | EIN-<br>KENNI              | VEGAR                    | SAM-<br>TEN-<br>ING         | BAULA<br>LÁGT       | LARF-<br>ANA<br>V<br>SKESSA |
|----------------------------|----|------------------------|-----------------------|------------------------------|---------------------------|------------------------------------|----------------------------|--------------------------|-----------------------------|---------------------|-----------------------------|
|                            |    |                        | VIÐ-<br>MÓTS-<br>ÞYTT | 1                            |                           |                                    |                            |                          |                             | 23                  |                             |
|                            |    |                        | HUG-<br>RAKK-<br>UR   |                              |                           |                                    |                            | 5                        |                             |                     |                             |
|                            |    |                        | RUSL                  |                              |                           |                                    | 22                         |                          | SAUR<br>OHR-<br>EINKAR      |                     | 6                           |
|                            | ↓  | PRASA                  | ÞOTNAR                | FÉLAG<br>ÖKU-<br>MAÐUR       | 16                        | TEPUR<br>ELD-<br>STÆÐI Í<br>SMÍÐJU |                            |                          |                             |                     |                             |
| PRÝÐA                      |    |                        |                       | 14                           | ✓                         |                                    | STÓRNA<br>SAR              |                          |                             | 29                  |                             |
| SPIL<br>+ OKS              |    | 2                      |                       |                              |                           |                                    |                            | AMBATT<br>FÉLAGAR        |                             |                     |                             |
| FISKUR<br>+ TUSK-<br>UNA   | 3  |                        |                       |                              |                           |                                    | 36                         |                          | 11                          | LOKA-<br>ORÐ        |                             |
| KROPP                      |    |                        |                       |                              | ÚR-<br>SKURÐ              | 13                                 | DRAGAR<br>BRUKAR           |                          |                             |                     | ✓ 7                         |
|                            |    | GÖMUL<br>FSÆR          |                       |                              |                           | 40                                 | TANGANN<br>HUG-<br>REKKI   |                          | SKOR-<br>DÝR<br>VERA<br>TIL |                     |                             |
| LEÐJA                      |    | 30                     |                       | HRYSS-<br>INGSLÉG<br>HÖTANIR |                           |                                    |                            |                          |                             | 17                  |                             |
|                            | ↓  |                        | BERGMÁL<br>KROPPA     |                              |                           | DREITL-<br>INUM<br>GÖF-<br>UGUR    |                            | 12                       |                             |                     |                             |
| SVART-<br>FULL-<br>INN     |    |                        |                       |                              | 4                         |                                    |                            | ATHUGA-<br>SENDIN        | 37                          | BORÐ-<br>AR         |                             |
| LAND                       | 32 |                        |                       |                              | FULLINN<br>METTIR         |                                    |                            |                          |                             | 9                   | SKÖÐUR<br>AF-<br>KVEMIN     |
|                            |    | STÖÐU<br>UPP<br>SNAUÐA |                       | 41                           |                           | SAMT<br>ARS-<br>TÍÐIN              | ✓ 21                       |                          | HÚSDÝR                      |                     |                             |
| HINDRAR<br>+ BLAUT-<br>ARI | 25 |                        |                       |                              |                           |                                    |                            |                          |                             |                     |                             |
| GEYFIST                    |    |                        |                       | SKRINU-<br>KOSTUR-<br>INN    |                           | VERK-<br>SMÍÐJA<br>ELD-<br>STÆÐI   |                            |                          | GREINIR<br>KVEN-<br>DÝR     | 26                  |                             |
| FÆST<br>VIÐ                |    |                        |                       | 27                           |                           |                                    | FUNDNIS<br>STARF-<br>REKTI |                          |                             |                     | ✓                           |
| SÆKI<br>SSÖINN             |    |                        | HLÍFIR<br>REIDIR      |                              |                           |                                    | 28                         | HLÓÐIR<br>HUG-<br>LAUSIR |                             |                     | 39                          |
| HLASS<br>+ TÍRRAR          |    | 18                     |                       |                              |                           | 8                                  |                            |                          |                             | N'A-<br>LÆGD-<br>IN |                             |
| SVALT                      |    |                        |                       |                              | ÞEFAR<br>AF               |                                    | ÚT-<br>BROTA<br>HRYGGÐ     | 19                       |                             |                     |                             |
|                            | 15 | SLOTA<br>GERA<br>VIÐ   |                       | 20                           |                           |                                    | ILL-<br>GJARN<br>VEINAR    | 10                       |                             |                     |                             |
|                            |    | KER<br>TUNGA           |                       |                              |                           | ASKUR<br>STING                     |                            |                          | TVEIR<br>EINS               |                     |                             |
| STÚLKA                     |    |                        | 31                    | SKER<br>HVAÐ                 |                           |                                    | 24                         |                          | RÓMV.<br>TALA<br>EKKI       |                     | 34                          |
| VATAR-<br>VEISLA           |    |                        |                       | MAÐUR                        |                           |                                    |                            | MÁLM-<br>UR              | 33                          |                     |                             |
| VÖKVA                      | 38 |                        |                       |                              |                           | SPILLT                             |                            |                          |                             | 35                  |                             |



## VERÐLAUN KR. 6.000

Lausnin á krossgátunni í októberblaðinu er persneskur málsháttur sem hljóðar á þessa leið:

Hamingjan er ekki til sölu á markaðstorgum

Dregið var úr réttum lausnum og upp kom nafn Elínar Friggjar Helgadóttur, sem hefur fengið verðlaunin. Myndin er af vinningshafanum.

Gátunni, sem hér er til lausnar, fylgir sú vísbending, að lausnin í þetta sinn sé lappneskur málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er mánudagur 10. desember. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið. Utánáskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.





Spánn

**Óeining um endurskipulag framkvæmdar allsherjarkjarasamninga**

Afar lítill árangur hefur orðið af löngum fundum ríkisvalds, stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda um endurskipulagningu á framkvæmd allsherjarkjarasamninga á Spáni. Ekki aðeins hafa þessir aðilar mismunandi skoðanir á málinu heldur hafa þeir afar ólík forgangsmál. Vikulegir fundir í ráðuneyti atvinnumála hafa litlu skilað, þrátt fyrir að aðilar séu sammála um að kerfinu þurfi að breyta, því enginn grundvöllur virðist vera fyrir samþykki aðila um hverju eigi að breyta og hvernig. Stéttarfélög leggja áherslu á að semja beri á grundvelli starfsgreina en vinnuveitendur vilja auka sveigjanleika fyrirtækja til kjarasamningagerðar. Jóse María Fidalgo, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, segir að tími sé kominn til þess að aðilar komi sér saman um málamiðlun en sakar um leið vinnuveitendur um að fara ekki eftir samþykkt frá árinu 1997 sem kvað á um að allsherjarkjarasamningur væri lágmarksviðmið um kjör einstakra starfsgreina.



Sviss

**Stéttarfélög krefjast 5% kauphækkana**

Alþýðusambandið í Sviss, SGB/USS, hefur gefið upp kröfur sínar um kauphækk-anir í næstu kjarasamningum. Paul Rechsteiner, forseti SGB/USS, hefur sagt að eftir erfið ár á niunda áratugnum sé nú loks hægt að koma með raunverulegar kauphækkanir á árinu 2001. Mikið er ógert sérstaklega fyrir þá sem eru með lágar eða meðaltekjur. Vegna þessa mun sambandið krefjast 5% kauphækkana í næstu kjaraviðræðum. Er stefnan sett á að lágmarkstaxtalaun í landinu verði €1,986 (ÍSK 186,400) á mánuði. Þetta hefur þegar náðst í mörgum starfsgreinum nema þar sem þátttaka í stéttarfélögum er lítil, svo sem í landbúnaði og fataiðnaði.



Svíþjóð

**Aukinn atvinnuleysisbótaréttur skrifstofu- og tækni-fólks**

Stéttarfélag skrifstofu- og tækni-fólks, SIF, hefur ákveðið að auka við atvinnuleysisbótarétt félaga sinna og hyggst mæta því með hækkun félagsgjalda. Var ákveðið að hækkun félagsgjaldsins nemi milli €2,2 og €4 (ÍSK 205–375) á mánuði. Skylt er að greiða þessi auknu gjöld en hækkunin á bótagreiðslum stendur aðeins til boða félögum í SIF. Þessi hækkun á bótafjárhæðum kemur til viðbótar hækkun ríkisstjórnarinnar á atvinnuleysisbótum um €11 (ÍSK 1,302) þannig að hámarksatvinnuleysisbætur verða €74,80 (ÍSK 7,021) á dag frá 1. júlí 2001 og hækka síðan aftur í hámark €85,80 (ÍSK 8.053) á dag frá 1. janúar 2002. Þessi hækkun á aðeins við fyrstu 100 daga atvinnuleysis en eftir það lækkar upphæðin þannig að hún verður hæst €63,80 (ÍSK 5.988) á dag.

**Stéttarfélög berjast gegn mismunun vegna kynhneigðar**

Landssamband stéttarfélaga skrifstofumanna, TCO, hefur sett endurnýjaðan kraft í baráttuna gegn mismunun á vinnustað

vegna kynhneigðar. Í maí 1999 tóku gildi lög sem bönnuðu alla mismunun fólks vegna kynhneigðar en raunveruleikinn virðist sá að lítið hefur miðað í baráttunni gegn slíkri mismunun. TCO birti nýlega könnun þar sem kemur í ljós að 50% félagsmanna telja að enn sé mjög mikil mismunun á vinnustöðum gagnvart samkynhneigðum konum og körlum. Sama könnun leiddi í ljós að þriðjungur karla hefur neikvætt viðhorf gangvart samkynhneigðum samstarfsfélögum sínum. Vegna þessa hefur TCO gert tilraunir til að berjast gegn slíku með t.d. ráðstefnum með forsvarsmönnum stéttarfélaga og fulltrúum samtaka samkynhneigðra.



Þýskaland

**Flugmenn samþykkja hækkun**

Flugmenn ríkisflugfélagsins Lufthansa hafa nýlega samþykkt í atkvæðagreiðslu tilboð um launahækkun sem ætti að gefa þeim um 28% launahækkun á þessu ári. 85,9% þeirra sem greiddu atkvæði voru samþykkir framlögðum samningi sem komst á vegna milligöngu Hans-Dietrich Genscher, fyrrum utanríkisráðherra Þýskalands.

**Fleiri vinna á sunnudögum**

Samkvæmt nýlegri könnun Efnahagsrannsóknarstofnunar Þýskalands unnu 8,5 milljónir manna á sunnudögum árið 2000 eða 5,3% fleiri en fyrir fjórum árum. Mesta aukning í sunnudagsvinnu hefur verið á sviði almennrar og einkaþjónustu ýmisskonar eða um 8,1% en þótt um 23% launþega í Þýskalandi starfi þannig almennt á sunnudögum er það þó undir 30% meðaltali ríkja ESB.

**Samkynhneigð pör hljóta sama rétt og giftir**

Þann 1. ágúst s.l. tóku gildi ný lög í Þýskalandi sem veita samkynhneigðum pörum sömu lagalegu réttindi og giftum pörum. Þessi lög um lífsförunauta gilda um öll svið almennra laga í landinu, jafnt vinnulöggjöf sem almannatryggingalög. Reikna má með því að endurskoða þurfi einhverja hluta almennra kjarasamninga vegna þessarar nýju löggjafar.

Árni Leósson

LEIÐRÉTTING

Í síðasta blaði urðu þau leiðinlegu mistök á forsiðu að sagt var að VR hefði flutt skrifstofur sínar í Hús verslunarinnar 17. desember 1987, en átti auðvitað að vera 1982, enda sagt réttilega í sömu klausu að þetta hafi átt sér stað fyrir næstum níttján árum. Beðist er velvirðingar á mistökum þessum og leiðréttist ártalið hér með.



**Suðurnes**  
Reykjanesbær  
Garður, Sangerði  
Grindavík, Vogar

**Vesturland**  
Akranes  
Borgarnes, Borgarfj.

**Snæfellssnes**  
Stykkishólmur  
Grundarfjörður  
Ólafsvík, Hellisandur, Rif

**Vestfirðir**  
Ísafjörðarbær  
Bolungarvík, Súðav.  
Suðureyri, Flateyri  
Þingeyri

**Norðurland Vestra**  
Hvammstangi  
Sauðárkr., Varmahl.  
Siglufjörður, Höfsós

**Norðurland Eystra**  
Akureyri

**Austurland**  
Egilsstaðir, Djúpipvogur  
Seyðisfj., Reyðarfj.  
Eskifj., Fáskrúðsfj.  
Stöðvarfj., Breiðdlsv.  
Neskaupstaður

**Suðausturland**  
Höfn í Hornafirði  
Vík, Kirkjubæjarkl.

**Suðurland**  
Vestmannaeyjar  
Þorlákshöfn, Eyrbær.  
Hveragerði, Selfoss  
Hella, Hvalsvíllur

Flutningar eru okkar fag

Öryggi alla leið

Við leggjum áherslu á góða þjónustu og öryggi á flutningsleiðum okkar.

- Pakkasendingar
- Vörusendingar
- Búsílóðir
- Kæli-og frystisendingar
- Lítil bið !



**Vöruafgreiðsla Aðalflutninga er opin:**  
Mánudaga-fimmtudaga 8:00 - 17:00  
föstudaga 8:00 - 16:00

Aðalflutningar hefur starfað síðan 1998.  
Í byrjun var aðeins ekið á 4 leiðum en í dag er ekið til allra landshluta og helstu þéttbýlisstaða.



Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Héðinsgötu 2 • 105 Reykjavík • Sími: 581 3030 • [www.af.is](http://www.af.is)

Starfana hugmyndasmíðun



# HANKOOK

DEKK

## Vetrardekkinn á lága verðinu

Frábær vetrardekk á frábæru verði!

Fólksbíladekk  
Jeppadekk  
Vörubíladekk



**BARÐINN**  
SKÚTUVOGI 2 - SÍMI 568 30 80

Gerðið verðsamanburði



**Um 30 eineltismál hafa  
komið til kasta VR**

**Mjög góð þátttaka  
í launakönnun**

**Heitasta óskín að  
komast til Kúbu  
- og óskín rættist**

**ÞING LÍV:  
Þungar áhyggjur af  
þróun efnahagsmála**

**Ert þú að missa af  
umsömdum kjarabótum?**